



Úthlutun Uppbyggingar- sjóðs Austurlands 2019

Valaskjálfr Egilsstöðum
mánudaginn 28. janúar kl. 17:00



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS



Eistnaflug er mikilvægur vettvangur fyrir íslenskar rokkhljómsveitir.



Ró er samstarfsverkefni Litten Nystrøm, Þórunnar Eymundardóttur og Hönnu Christelar Sigurkarlsdóttur. Í ár hljóta þær styrk til þróunar á nýrri vörulínu fyrir börn.

Í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði er Studio Síló en þar verður Tape camp Iceland 2019 haldið. Námskeiðið leiðir Chris Mara en hann hefur haldið þetta námskeið reglulega í heimabæ sínum, Nashville undanfarin 10 ár.



Dagskrá

- Fundarstjóri:** *Björn Ingimarsson* bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.
- Ávarp:** Forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, *Stefán Bogi Sveinsson*
- Tónlistarflutningur:** *Sinfóníuhljómsveit Austurlands*
- Ávarp:** Formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands, *Ásta Kristín Sigurjónsdóttir*.
- Afhending styrkja:** Formaður Uppbyggingarsjóðs *Ásta Kristín Sigurjónsdóttir* og verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs Austurlands, *Signý Ormarsdóttir*.
- Tónlistarflutningur:** *Sinfóníuhljómsveit Austurlands*
- Ávarp:** Formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, *Einar Már Sigurðarson*.
- Léttar veitingar í boði Fljótsdalshéraðs**

Kæru Austfirðingar

Ávarp Ástu Kristínar Sigurjónsdóttur formanns stjórnar
Uppbyggingarsjóðs Austurlands á úthlutunarathöfn
28. janúar 2019.

Það er sérlega ánægjulegt að fylgjast með þeirri miklu grósku, hugmyndaauðgi og krafti sem einkennir umsóknir til Uppbyggingarsjóðs Austurlands þetta árið. Fagráð sjóðsins hafði vandasamt verk fyrir höndum að velja úr þau verkefni sem hér verða kynnt, vil ég nota tækifærið og þakka þeim ásamt stjórn Uppbyggingarsjóðs og starfsmönnum Austurbrúar fyrir sérlega faglega nálgun og vinnu.

Áherslur í sóknaráætlunum landshlutanna og uppbyggingarsjóðum eru mismunandi eftir svæðum en verklagið er sambærilegt og er byggt á nýrri nálgun í íslenskri stjórnsýslu. Markmiðið með sóknaráætlunum er að færa aukin völd og ábyrgð til svæðanna sjálfra við útdeilingu fjármagns til byggða og samfélagsþróunar í þeim tilgangi að nýta fjármuni sem best. Uppbyggingarsjóður Austurlands er hluti af Sóknaráætlun Austurlands og er í umsjón Austurbrúar. Hlutverk sjóðsins sem er samkeppnishjúfur er að veita styrki sem efla menningu, atvinnu og nýsköpun á svæðinu.

Austurland er það landsvæði sem lengst er frá höfuðborg Íslands og veitir það eitt og sér landshlutanum vissa sérstöðu. Byggja þarf á þeim styrkleikum sem svæðið hefur og gefur því möguleika til að efla samkeppnishæfni sína og um leið auka verðmæti svæðisins sem fyrirmyndarlands hluta til að búa á, fjárfesta í og ferðast til.

Áhersla Uppbyggingarsjóðs Austurlands fyrir árið 2019 var matur og matarmenning. Sérstaklega var tekið tillit til þeirra umsókna þar sem matarauður, matarmenning og nýting staðbundinna hráefna yrði notuð til verðmæta-sköpunar í matarferðaþjónustu, vöruþróun og ímyndaruppbyggingu Austurlands. Leiðarljósið við mat á umsóknum var m.a. sjálfbær framleiðsla, minnkun matarsóunar og tenging við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna þar sem við átti. Auk þess að styrkja verkefni á sviði menningar, atvinnu og nýsköpunar veitir Uppbyggingarsjóður stofn- og rekstarstyrki á sviði menningarmála.


Heildar fjármagn sem kemur til úthlutunar þann 28. janúar 2019 eru rúmar 60 milljónir til 61 verkefnis. Það þarf ekki mörgum blöðum um það að fletta hversu mikilvæg styrkveiting af þessu tagi er fyrir þau verkefni sem hana hljóta. Margfeldisáhrif fjármögnunar verkefna af þessu tagi eru óumdeild. Að því sögðu hefðu fagráð og stjórn uppbyggingarsjóðs verið í litlum vanda við að útdeila auknu fé til fleiri verkefna og hvetjum við hér með stjórnvöld til enn meiri dáða hvað varðar aukið fjármagn til málaflokksins.

Að lokum við ég þakka stjórn SSA fyrir það traust sem mér er sýnt með formennsku í stjórn Uppbyggingarsjóðs Austurlands og óska styrkþegum ársins velfarnaðar og gæfu í sínum verkefnum.

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir.

Tölfræði

Samtals var úthlutað **kr. 61.316.000.-**



Alls bárust 116 umsóknir um styrki og var fjallað um þær af tveimur fagræðum; annars vegar fagræði menningar sem einnig fjallaði um styrkbeiðnir til stofn- og rekstrarstyrkja, alls 66 umsóknir. Hins vegar svo af fagræði atvinnu og nýsköpunar sem fékk 50 umsóknir til umfjöllunar. Af 116 umsóknum var 61 verkefni valið til styrkveitinga og staðfest af Úthlutunarnefnd.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
LungA-Listahátíð ungs fólks, Austurlandi	Listasmiðjur, LungA Lab & listviðburðir	Kr. 3.000.000.-

LungA hátíðin er ein af þeim hátíðum sem sprettur upp úr þörfinni að skapa. Til að skapa eitthvað framyfir það vanalega, hefðbundna og staðfasta. Að fara út fyrir rammann hefur ætíð verið drifkrafturinn og nýsköpun í upplifun jafnt sem gjörðum á sviði lista er kjarninn. Listasmiðjur sem stýrt er af þekktum og minna þekktum starfandi listamönnum hverju sinni, eru þungamiðja hátíðarinnar og það sem sótt er hér um stuðning við fyrst og fremst.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skafftelli, sjálfseignarstofnun	Sýningadagskrá Skafftells 2019	Kr. 2.500.000.-

Skafftelli, myndlistamiðstöð Austurlands, leggur upp með fimm sýningar á næsta ári þar sem unnið verður með listamönnum og íbúum úr nærumhverfi en einnig leitað út fyrir landsteinana. Áhersla er lögð á vandaða blöndu af framsækinni samtímalist og hefðbundnari listsýningum. Nýráðinn forstöðumaður Skafftells, Gavin Morrison, mun sýningastýra öllum sýningunum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skafftelli, sjálfseignarstofnun	Listfræðsluverkefni Skafftells 2019	Kr. 700.000.-

Listfræðsluverkefni Skafftells veturinn 2019-20 mun hverfast um íslenska alþýðulist þar sem velt verður upp spurningum á borð við hvað er alþýðulist, hvaðan sprettur hún, hvaða gildi hefur hún fyrir listheiminn og samfélagið? Verkefnið verður unnið í tengslum við listamennina Kíkó Korrríó (1922-2002) og hinn seyðfirski Ásgeir Emils-son (1931-1999). Báðir listamennirnir eru skilgreindir sem alþýðulistamenn og unnu auk þess með endurinnið efni sem verður hluti af inntaki verkefnisins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Ann-Marie Gisela Schlutz

Sauðagull

Kr. 2.150.000.-

Þróun á vörum úr sauðamjólk. Markmiðið er að skapa aukin tækifæri í sauðfjárbúskap í Fljótsdal með gerð fjölbreyttari vöru og nýta til þess sauðamjólks. Varan er einkum ætluð fyrir veitingastaði í nágrenninu sem vilja ná til ferðamanna sem sækjast eftir matarupplifun og matvöru úr hráefnum af heimaslóð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sköpunarmiðstöðin svf.

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði

Kr. 2.150.000.-

Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði er tilraunaverkefni um byggðapróun á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Starfsemin leggur áherslu á samlegðaráhrif þessara sviða með það að marki að tryggja sjálfbærni samfélagsins og sporna þannig við fólksfækkun og skorti á atvinnutækifærum. Sköpunarmiðstöðin hyggst ná marmiðum sínum með því að byggja upp fjölbreytta og faglega aðstöðu til grundvallar starfseminni og skapa þannig hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun, menningar- og fræðslustarf.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sköpunarmiðstöðin svf.

Tape Recording Camp at Studio Silo

Kr. 600.000.-

The Tape Recording Camp is a training course in analog music recording techniques, aimed at Musicians and Sound Engineers. It is devised and ran by Nashville Music Producer and Sound Engineer Chris Mara, and he has been running the Tape Camp twice a year for the past ten years in his Recording Studio in Nashville, Tennessee. Attendance is limited to ten students, a band is also invited to take part, and the course lasts for three days, at Studio Silo in Sköpunarmiðstöðin, Stöðvarfjörður.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

PES ehf.

Markaðsetning Krossdal Gunstock 2019

Kr. 2.100.000.-

PES sækir um styrk fyrir verkefnið Krossdal Gunstock til markaðssetningar á erlendum markaði. Til þess að framleiðsla skeftanna geti staðið undir sér þarf að herja á erlendan markað þar sem íslenskur markaður er of lítill. Markmiðið er finna endursöluaðila erlendis sem eru tilbúnir til að panta inn skefti í einhverju magni. Einnig er markmiðið að kynna skeftið fyrir mögulegum erlendum notendum og hvernig þeir geti keypt skefti frá endursöluaðilum eða beint af heimasíðu Krossdal.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sinfóníuhljómsveit Austurlands

Vorgáski

Kr. 2.000.000.-

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika þann 31. mars 2019 á Fljótsdals-heraði. Tónleikarnir verða gamansamir og leggja áherslu á glettni og þann léttleika sem fylgir vorinu. Flutt verður Sinfónía nr. 94 í G-dúr eftir Franz Joseph Haydn auk nokkurra vel þekktra söngdúetta og gáskafullra hljómsveitarverka.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sinfóníuhljómsveit Austurlands

Sinfóníuhljómsveit Austurlands

Kr. 1.000.000.-

Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæraleikurum. Henni er ætlað að auðga og efla menningarlíf á Austurlandi og vera vettvangur fyrir austfirsku hljóðfæraleikara, langt komna hljóðfæranemendur, tónskáld, einleikara og kóra að starfa í eða með sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin heldur fjölbreytta og skemmtilega tónleika víða á Austurlandi og ýtir undir tónsköpun sem tengist landshlutunum auk þess að styðja annað listrænt starf og tónlistartengda fræðslu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Auður Vala Gunnarsdóttir

Sjósunds-aðstaða Borgarfirði eystra

Kr. 1.900.000.-

Útisvæði Musteri Spa í Blábjörgum er staðsett í mögnuðu umhverfi rétt við sjávarmálið utan við gistiheimilið á Borgarfirði eystra. Pallurinn sem útisvæðið er staðsett á, er staðsettur ofan við grjótnargarð sem byggður var neðan við gistiheimilið. Erfitt aðgengi er um grjótnargarðinn, ætlunin er að bæta aðgengi að sjónum með því að laga grjótnargarðinn þannig að auðvelt sé að ganga um hann, í samvinnu við hreppsnefnd Borgarfjarðar eystra og tengja sjósundsstöðuna við gömlu bryggjuna á sama svæði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Millifótakonfekt ehf.

Eistnaflug 2019

Kr. 1.800.000.-

Eistnaflug er fagleg og rótgróin alþjóðleg tónlistarhátíð sem er stærsta sinnar tegundar á landinu. Eistnaflug hefur rutt sér til rúms sem einn þýðingarmesti vettvangurinn fyrir íslenskar rokkhljómsveitir og einn eftirsóttasti rokkviðburður íslensks tónlistarlífs. Með aðsókn erlendra gesta og aukna umræðu úti í hinum stóra heimi þungarokksins hefur áhugi erlendra aðila á íslenskum hljómsveitum aukist til muna. Eistnaflug styrkir einnig og stendur við bakið á ungum og upprennandi hljómsveitum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Djúpavogshreppur	Miðstöð Cittaslow á Íslandi	Kr. 1.500.000.-

Cittaslow snýst um að efla lífsgæði íbúa, vinna með sérstöðu sveitarfélags og fjölbreytni þess, bera virðingu fyrir náttúru- og menningarverðmætum og styðja við búsetu á svæðinu. Lagt er upp með að finna jafnvægi á milli hraða og hæglætis, staldra við og njóta þess sem umhverfið í kringum okkur hefur upp á að bjóða. Áhersla er lögð á að efla móttöku gesta og nýbúa, efla núvitund og andlega líðan íbúa og halda áfram fegrun umhverfis í anda Cittaslow hugmyndafræðinnar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Djúpavogshreppur	Rúllandi snjóbolti 12, Djúpavogi 2019	Kr. 1.000.000.-

Rúllandi snjóbolti 12, á Djúpavogi 2019 er samstarfsverkefni Djúpavogshrepps og CEAC (Chinese European Art Center) í Xiamen, Kína. Þetta er sjötta árið í röð sem samtímalistasýningin Rúllandi snjóbolti verður sett upp í Bræðslunni á Djúpavogi. Sýningin verður opin frá júní fram í ágúst og mun aðgangur að venju vera ókeypis. Hluti af Rúllandi snjóbolta er listamannadöl, og verið er að vinna að því að velja listamenn til þess að dvelja á Djúpavogi hluta sumarsins og starfa við listskópun sína.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kristín Amalía Atladóttir	Anno 1724	Kr. 1.500.000.-

Anno 1724 beinir sjónum sínum að málum sem segja má að séu grimmúðlegur blettur á réttarfarssögu Íslands. Um er að ræða svokölluð blóðskammar og dulsmál en refsingar við þeim glæpum voru oftast nær aftaka. Mjög oft kom kynferðisleg misnotkun við sögu og var bæði gerendum og þolendum refsað fyrir. Anno 1724 snýr að því að heiðra minningu fórnarlamba þessara #metoo mála, kvenna sem var drekkt eða sendar í ævilanga þrælkunarvinnu, vegna brota sem oftast voru framín gegn þeim en af þeim.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
William Óðinn Lefever	Lefever Sauce co.	Kr. 1.500.000.-

Lefever sauce co. verður fyrsta hot sauce framleiðslufyrirtæki landsins. Fyrirtækið mun sérhæfa sig í framleiðslu á vörum unnum úr chili með áherslu á hot sauce sósur. Styrkurinn mun nýtast til að fjárfesta í búnaði til þess að styrkja innviði framleiðsluferilsins. Einnig verður féð nýtt til þess að þróa fleiri vörur og markaðssetja fyrir almennan íslenska markað. Ef verkefnið gengur upp og markmið nást mun úrval af íslenskum chili tengdum vörum stór aukast og bætast við íslenska matarflóru.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Adventura ehf.	Snætt í Hlauphólavíkinni	Kr. 1.300.000.-

Gistiheimilið Adventura stendur við Hlauphólavík. Þar er lítið bátaskýli og hæsnahús. Til stendur að bæta við gróðurhúsi, reykkofa og koma fyrir kræklingabóli í víkinni. Gestir geta þá sjálfir róðið eftir bláskelinni sem er snædd í fjöruborðinu ásamt reyktri villibráð sem sótt er í reykkofann og grænmeti sem gestir tína sjálfir í gróðurhúsinu. Goðanes mun samnýta reykkofann, piparinn sem til stendur að rækta, verður notaður í framleiðslu Lefever & co og umframræktun á grænmeti verður seld heimamönnum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	Sumarsýning 2019 (vinnuheiti)	Kr. 1.200.000.-

Árið 2018 er gjarnan kallað 'Ár konunnar'. Með umræðu og afhjúpun hefur staða kvenna verið sett í forgrunn og með samtakamætti hafa konur valdeflt sig og hver aðra. Sumarsýning MMF 2019 í Sláturhúsinu speglar þetta og byggir að þessu sinni á myndlistarsýningu Kristínar Gunnlaugsdóttur sem fjallar um konur og kvæðli í verkum sínum, en einnig er horft til sögunnar frá sjónarhorni #metoo byltingarinnar með sýningu sem rekur hina miklu örlagasögu Sunnevu Jónsdóttur frá Geitavík.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hið austfirski bruggfélag ehf.	Beljandi í dósir	Kr. 1.200.000.-

Eftir næstum tvö starfsár hjá hinu austfirzka bruggfélagi sem hafa gengið vonum framár, þá hyggjum við á frekari landvinninga, að stækka sölusvæðið út fyrir Austurland og komast inn í Vínbúðirnar. Til þess þurfum við að pakka bjórnum okkar í neytendaumbúðir, og viljum við því koma okkur upp dósavél. Við horfum einnig til útflutnings, við erum nú þegar komnir með kontakta í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi og Kína og hafa óformlegar samræður átt sér stað með öllum þessum aðilum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í Ljósi	List í Ljósi	Kr. 1.200.000.-

List í Ljósi er listahátíð sem á sér enga líka hér á landi og er haldin á Seyðisfirði í febrúar ár hvert. Hún fer fram utandyra að kvöldi til og dreifist um allan bæ með stórkostlegum ljósaverkum sem lýsa upp myrkríð eftir að öll götu- og húsaljós hafa verið slökkt. Hátíðin er fjölskylduvæn og endurgjaldslaus. List í Ljósi er algjör fjársjóður fyrir skynfærin.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í Ljósi	HEIMA x LIST í LJÓSI	Kr. 500.000.-

Uniting both a major art residency (HEIMA) and renowned art festival (List í Ljósi), HEIMA x LIST í LJÓSI is a uniquely designed programme that will specifically showcase Nordic culture and talent by providing an opportunity for 6 artists from the Nordic region to complete a residency from Jan - Feb 2019 and produce impressive, site-specific artwork for List í Ljósi. The artists will be hand-picked by a Creative Advisory Panel made up of some of the best curators across the Nordic region.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ströndin Atelier ehf.	Ströndin Studio School of Photography	Kr. 1.200.000.-

This project entails the furnishing of a 100 square meter educational facility at Ströndin Studio photographic center. This pedagogical and research facility will host a wide range of students, artists and researchers who wish to develop their own photographic projects. At the same time, this workspace will provide Ströndin Studio with a facility to conduct research and work with photographic archives from Iceland.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Berta Dröfn Ómarsdóttir	Raven's kiss eða Koss hrafnsins	Kr. 1.000.000.-

Uppsetning á óperunni The Raven's kiss eða Koss hrafnsins eftir Evan Fein og Þorvald Davíð Kristjánsson á Austurlandi sumarið 2019, í leikstjórn þess síðarnefnda. Óperan er byggð á íslenski þjóðsögu og er efniviður hennar sóttur í austfirskt sjávarþorp. Þegar dularfulla konu ber að landi breytist líf, hegðun og hugsun heimamanna. Flytjendur, söngvarar jafnt sem hljóðfæraleikarar, eiga rætur sínar að rekja til Austurlands og/eða búa þar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bókakaffi Hlöðum ehf	Matur eins og amma gerði	Kr. 1.000.000.-

Hugmyndin á rætur sínar í þeirri hugsun sem formæður okkar lifðu eftir þ.e. að nýta öll matvæli eins vel og hægt var. Ekki var mikið um að fiskur fengist á Héraði en það var þá helst saltfiskur sem fólk hafði aðgang að. Ferskur fiskur var afar sjaldgæfur og ef hann var í boði þá var hann yfirleitt ekkert sérstaklega ferskur. Fyrirnefndar fiskilummur voru gerðar úr afganginum af saltfisknum. Lifrabuff var töfrabragð til að fá krakka til að borða lifur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fljótsdalshérað	Þjóðleikur 2019	Kr. 1.000.000.-

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks. Verkefnið, sem á uppruna sinn á Austurlandi, er nú unnið á landsvísu í samstarfi við Þjóðleikhúsið og er flaggskipið í leiklistarstarfsemi ungmenna. Þjóðleikur 2019 er hátíðardagskrá því í ár er fagnað 10 ára afmæli verkefnisins sem aldrei hefur verið stærra og víðfemara en nú og rekja má til menningarlegs frumkvöðlastarfs á Austurlandi. Gert er ráð fyrir að þátttakendur verði um 80 talsins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kammerkór Egilsstaðakirkju	Vínarklassík Kammerkórs Egilsstaðakirkju	Kr. 1.000.000.-

„Vínarklassík Kammerkórs Egilsstaðakirkju“ eru tónleikar þar sem Kammerkórinn, kirkjukór Egilsstaðakirkju, einsöngvarar og 11 manna hljómsveit, flytja blandaða dagskrá messu- og kirkjutónlistar eftir Mozart, Haydn og Schubert. Tónleikarnir verða í Egilsstaðakirkju á aðventunni 2019, Stjórnandi er Torvald Gjerde.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kolbeinn Arnbjörnsson	SKARFUR	Kr. 1.000.000.-

SKARFUR er frumsaminn einleikur eftir leikarann og handritshöfundinn Kolbein Arnbjörnsson um eittraðar staðalímyndir kynjanna og hvernig þær springa út í hugmyndum ungs fjárfestis í tilvistarkreppu sem gerist veiðimaður eftir að konan hans skildi við hann og fékk fullt forræði yfir börnunum þeirra. Pétur Ármannsson, sem hefur meðal annars gert það gott með sviðslistahópnum Dance for me leikstýrir verkinu og Benedikt H. Hermannsson betur þekktur sem Benni Hemm Hemm sér um tónlist og hljóðheim.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
LungA-skólinn ses.	The Net Factory (3rd phase)	Kr. 1.000.000.-

After renovating the old Net Factory in Seyðisfjörður, the time has come to develop the content and structure of the facility. This part of the project is focused on developing areas for specialised activities such as woodwork, a modelling workshop, metal workshop, painting studio as well as individual studio rooms for general practice. The NetFactory itself is large, permanent common workspace for artists in Seyðisfjörður of approximately 1100 square. It is run by the LungA School.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Óbyggðasetur ehf.	Matarleikhús	Kr. 1000.000.-

Markmið verkefnisins er að setja upp matarleikhús í Óbyggðasetrinu. Um er að ræða frumlega miðlunarleið (upplifunarferðaþjónustu) við að kynna mat og matarmenningu svæðisins. Gestir eru að hluta til þátttakendur og verða teknir í bragðlauka- og menningarferðalag um ólík rými Óbyggðasetursins. Í verkefninu felst að afla samstarfsaðila þ.e. við matvælaframleiðendur á Austurlandi og við 1-2 kokka, ritun handrits og að vinna drög að viðskiptaáætlun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Samtökin Eiðavinir	Saga Eiðaskóla	Kr. 1.000.000.-

Í myndinni er farið yfir sögu Eiðaskóla fram til þess dags er kennslu var hætt árið 1998, en auk þess verður komið inn á merka sögu staðarins sem nær allt aftur til sögualdar. Í myndinni verða m.a. tekin viðtöl við fyrrum íbúa, nemendur og starfsfólk skólans frá flestum þorpum og bæjum austanlands. Við heyrum alls konar sögur úr lífi og starfi, um byggingarsöguna, samgöngur til og frá skóla, aðbúnað, vináttu og ástir, íþróttaiðkun, tónlistarlíf, matarmenningu, tækniframfarir, draugagang o.m.fl.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skæri Steinn Blað sf.	RÓ fyrir börnin	Kr. 1.000.000.-

A new RÓ product range for infants and children, designed by RoShamBo and manufactured in East Iceland of all natural materials - filled with pure Icelandic wool. The new line 'RÓ fyrir börnin' and coherent PR campaign, focus on the power of naturally grown plants and wool as highly contemporary in an environmentally sustainable future and points out the beauty in long lasting products and modern craftsmanship. Our local human- and material resources have a voice in the world.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Svavar Pétur Eysteinnsson	Sumar í Havarí 2019	Kr. 1.000.000.-

Sumar í Havarí er tónleikaröð sem fram fer í Havarí á bænum Karlsstöðum í Berufirði sumarið 2019. Havarí er viðburðavettvangur sem opnaði sumarið 2016 en þetta er þriðja árið í röð sem Sumar í Havarí er haldin. Á hátíðinni hafa komið fram til þessa m.a. Emmsjé Gauti, Valdimar, Snorri Helgason, FM Belfast, Hermigervill, Lay Low, Ösp Eldjárn, Sigríður Thorlacius, Hildur Vala, Jón Ólafs og Ed Hamell, Dimma, KK, Mugison, Lára Rúnars, Bubbi, Moses hightower, Ásgeir Trausti, Jónas Sig, o.fl.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tækniminjasafn Austurlands	Angró Bryggjuhús vaknar til lífsins.	Kr. 1.000.000.-

Fjöldi sýninga verða í Angró 2019 -sýning hins heimfræga listamanns, Dieter Roth, „Seyðisfjarðaskyggjur“ frá 1995 og heimsfrumsýning á „Sjoppmyndum“ hans fyrir myndvarpa. Í framhaldinu verður unnið að undirbúningi „Dieter Roth safnsins - Hvenær sem er“. Einnig á að vera í Angró sýningin „Gömul hús í nýjum störfum“ um vel heppnaða nýtingu gamallra húsa til menningarstarfsemis á breiðum grunni og svo Smíðjuhátíðin, með handverksnámskeiðum, sýningum, tónlist, bryggjuballi og ekta gamaldags íslenskum mat.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Antonía Malmquist Baldursdóttir	Knock on Wood	Kr. 900.000.-

Knock on Wood ætla að framleiða vörulínu af ljósum úr austfirsku timbri með sjálf-bærni og umhverfisvitund að leiðarljósi. Nú þegar er frumgerð af einni hönnun tilbúin en mikilvægt er að halda þróunarferlinu áfram til að fullvinna vöruna og koma henni í sölu. Með því að fullvinna gæðavöru úr austfirsku timbri er Knock on Wood að nýta auðlindir fjórðungsins, skapa afurðir frá Austurlandi, auka virði hráefnisins og stuðla að atvinnusköpun og uppbyggingu í heimabyggð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ferðamálasamtök Vopnafjarðar	Fugla- og laxaskoðun í Vopnafirði	Kr. 800.000.-

Fuglastígur á Norðausturlandi er samstarfsvettvangur um uppbyggingu fuglaskoðunar á svæðinu og ferðaþjónustu henni tengdri. Með hönnun/byggingu fuglaskoðunarskýlis við Nýpslónsleirurnar í Vopnafirði, og á fleiri álitlegum stöðum á Norðausturlandi, er verið að laða fólk til að ferðast vítt og breitt um svæðið við fugla- og náttúruskoðun og að dvelja lengur. Þá fer fram greining á heppilegum stöðum til laxaskoðunar í Vopnafjarðaránum í tengslum við fyrirhugaða fræðslusýningu um Atlantshafslaxinn.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Stelpur rokka!, félagasamtök	Stelpur Rokka! Austurland	Kr. 800.000.-

Félagasamtökin Stelpur Rokka! hefja sitt annað starfsár á Austurlandi með rokk-búðum fyrir 12-16 ára stelpur, trans og kynsegin krakka, á Seyðisfirði í ágúst 2019. Búðirnar verða haldnar í samstarfi við Listadeild Seyðisfjarðarskóla, LungA skólann og austfirskar tónlistarkonur. Í rokkbúðunum öðlast þátttakendur aukði þor til að láta rödd sína heyrast og hæfileika blómstra í gegnum hljómsveitarstarf, hljóðfæra-kennslu, vinnusmiðjur og glæsilega lokatónleika.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Tónlistarmiðstöð Austurlands	Upptakturinn á Austurlandi	Kr. 800.000.-
-------------------------------------	-----------------------------------	----------------------

Börn á Austurlandi fá tækifæri til að senda inn tónsmíð og vinna úr hugmyndum sínum undir leiðsögn listamanna. Höfundar valinna verka fá aðgang að tónsmíðjum í Tónlistarmiðstöðinni og í framhaldi tilnefndir dómnafnd einn ungan austfirskan tónsmíð sem er tryggt sæti í smíðjum á vegum Uptaktsins í Reykjavík. Þar fá ungir tónsmíðir leiðsögn nemenda úr Listaháskólanum við útsetningu verka sinna. Verkin eru frumflutt af atvinnu hljóðfæraleikurum í Hörpu á Barnamenningarhátíð í Reykjavík að vori.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Tónlistarmiðstöð Austurlands	Maxímús Músíkús á BRAS	Kr. 600.000.-
-------------------------------------	-------------------------------	----------------------

Músíkmúsín Maxímús Músíkús ferðast austur á land! Maxímús býður áhorfendum uppá lifandi og vandaða fræðslu sem veitir börnum á öllum aldri innsýn inn í magnaðan hljóðheim sínfónútónlistar. Í tengslum við BRAS 2019 verður fyrsta saga Maxímús flutt á fjórum stöðum á Austurlandi. Sínfóníuhljómsveit Austurlands flytur verkið ásamt hljóðfæraleikurum úr Sínfóníuhljómsveit Norðurlands, sem eru spenntir fyrir samstarfi og hafa boðið okkur að flytja verkið einnig í Hofi á Akureyri.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Guðrún Schmidt	Loftslagsmál og sjálfbær þróun – námskeið	Kr. 786.000.-
-----------------------	--	----------------------

Námskeiðið er fyrir ungmenni 13 til 16 ára og mun samanstanda af fræðslu um loftslagsmál og sjálfbæra þróun, hópvinnu nemenda að verkefnum, umræðum og ýmsum lærdómsríkum leikjum. Þessi fræðsla á m.a. að opna augu nemenda fyrir samhenginu milli lífsstíls okkar, kolefnissporinu og sjálfbærrar þróunar og stuðla að breytingum í daglegu lífi í átt að sjálfbærri þróun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jökuldalur slf.	Stuðlagil nýr áfangastaður á Austurlandi	Kr. 730.000.-
------------------------	---	----------------------

Stuðlagil á Jökuldal er nýr áfangastaður ferðamanna. Staðurinn er ægífagur en innviðir til að taka á móti ferðamönnum eru nánast engir. Búið er að setja upp bílastæði og merkingar en afar mikilvægt er að bjóða upp á frekari þjónustu s.s. salerni, veitingaaðstöðu, gistingu og leiðsögn. Með þessu verkefni verður unnin greining á því hvaða þjónusta gæti gengið m.t.t. uppbyggingar, kostnaðar við uppbyggingu og rekstur, mönnunar og fleiri þátta sem hafa veruleg áhrif á rekstrargrunn verkefnisins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Bláa Kirkjan sumartónleikar	Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan 2019	Kr. 700.000.-
------------------------------------	---	----------------------

Haldnir eru fimm til sex tónleikar sem fara fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudagskvöldum í júlí og ágúst. Flytjendur eru atvinnumenn í klassískri tónlist jafnt sem þjóðlaga-, jazz- og alþýðutónlist.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Egilsstaðabúið ehf	Uppbygging mjólkurvinnslu	Kr. 700.000.-
---------------------------	----------------------------------	----------------------

Verkefninu er ætlað að auka og efla þá mjólkurvinnslu sem þegar fyrirfinnst á Egilsstaðabúinu. Verkefnið skapar tækifæri til aukinnar atvinnu ungs fólks á svæðinu. Einnig gerir verkefnið neytendum og veitingafólki á Austurlandi kleift að kaupa afurðir beint af bónda í auknum mæli.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Egilsstaðakirkja	Tónlistarstundir 2019	Kr. 700.000.-
-------------------------	------------------------------	----------------------

Tónleikaröð með 6 sumartónleikum: 4 í Egilsstaðakirkju og 2 í Vallanesskirkju í júní og byrjun júlí. Tónleikaröðin var haldin fyrst sumarið 2002 og hefur verið samfelld haldin síðan þá. Tónleikaröðin gefur tækifæri fyrir austfirskt tónlistarfólk, búandi á svæðinu sem og brottflutt, á að koma fram. Einnig er heimamönnum gert kleift að hlusta á þá og fylgjast með þeim. Ferðamönnum fá líka þar tækifæri á að upplifa tónlistarlíf í kirkjunum og brot úr tónlistarmenningu okkar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Fjarðabyggð	Fjölbreyttara sumarstarf í Fjarðabyggð	Kr. 700.000.-
--------------------	---	----------------------

Fjölbreyttara sumarstarf í Fjarðabyggð er þróunarverkefni í samstarfi við Listaháskóla Íslands og stuðlar að því að börn og ungmenni hafi aðgang að fjölbreyttum fyrirmyndum, aðferðum og hugarfari og geti fundið leið inn í listirnar á sínum eigin forsendum. Verkefnið miðar að því að þróa útfærslu á nýstárlegum skapandi námskeiðum á landsbyggðinni sem sveitarfélög geta tileinkað sér til að tryggja fjölbreytni og nýnæmi í tómstundum og listmenntun barna og ungmenna.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listdans á Austurlandi, félagasamtök	Dansstúdíó Emelíu	Kr. 700.000.-

Markmið Dansstúdíó Emelíu er að stuðla að námskeiðum í listdansi á Austurlandi fyrir börn og ungmenni sumarið 2019.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Litten Nyström	Colors of growth	Kr. 700.000.-

With 'The colors of growth' Litten Nyström wishes to design and develop of a series of tufted rugs made with local plant dyed wool, produced in East Iceland- inspired by the soft layers of vegetation growing on the mountain side in the valley in East Iceland where she lives.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sporaslóð ehf.	Lifandi miðlun á sagna-brunni Óbyggðanna	Kr. 700.000.-

Útvarpsþáttaröð þar sem miðlað verður með lifandi, skapandi og áhrifaríkum hætti sögum af menningu hálendisins og fjallaferða milli byggðarlaga. Fjallað verður um samspil manns og náttúru, nytjar, hrakninga, hamfarir og hvernig náttúran hefur mótað okkur sem Íslendinga.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir	KnitBox	Kr. 700.000.-

KnitBox er frumlegur, hagnýtur og óvenjulegur minjagripur frá Austurlandi: Kassi úr endurunnum pappa sem inniheldur austfirski þrjónauppskrift og ullargarn af íslenskri sauðkind. KnitBox er sjálfbær minjagripur í alla staði sem krefst þátttöku þess sem hann eignast.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Félag ljóðaunnenda á Austurlandi	Útgáfa ljóðabóka 2019	Kr. 600.000.-

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út þrjár bækur árið 2019. 1. Úrval ljóða Sveins Snorra Sveinssonar. Bókin verður sú 19. í flokknum Ausfirsk ljóðskáld. 2. Ljóðapýðingar Vigfúsar Ingvars Vigfússonar. Frumhöfundur er norska skáldið Hans Børli. 3. Ljóðabók eftir austfirski 19. aldar skáldkonu – Guðnýju Árnadóttur (Skáld-Guðnýju).

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Mamúni ehf.	BE Porcelain	Kr. 600.000.-

My long term plan is to establish a porcelain studio, that would give a home to the creation of art and design products, education, international workshops, residencies, symposia, courses and the exhibition of the work that was created in the studio. The first step of my plan is to acquire the necessary basic equipment and materials, and start a small production of my own porcelain products.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Vesturfarin, áhugamannafélag	Siglt, gengið, riðið og rúllað í lest	Kr. 600.000.-

Setja fram á myndrænan hátt og með textalýsingum hvernig ferðalag fólks af Austurlandi sem flutti til Norður-Ameríku á árabílinu 1870-1914 gekk fyrir sig. Skoðuð verða farartækin, skipin, járnbrautalestarnar, hestakerrurnar, uxakerrurnar, bátarnir og prammarnir. Draga fram hvernig fólkinu leið. Hvað það mátti hafa með sér. Komust allir á leiðarenda. Veiktist fólk og af hverju. Hvaða hjálp var að fá á leiðinni. Hvernig var maturinn. Hvernig var hreinlætið.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Vesturfarin, áhugamannafélag	Rannsóknir Vesturfarans á Vopnafirði	Kr. 500.000.-

Leita eftir eins miklu af tiltækum upplýsingum um sjálft ferðalagið frá Austurlandi til áfangastaðar í Norður Ameríku. Koma viðkomandi upplýsingum á einn stað og vinna þær þannig að þær geti nýst fólki til fróðleiks og gerlegt sé að varðveita þær komandi kynslóðum til fróðleiks um þennan þátt í sögu Vesturferðanna.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Breiðdalsbiti ehf.	Náttúrulegir kjötkraftar	Kr. 500.000.-

Þróun og markaðssetning Náttúrulegs kjötkrafts, unnið af Breiðdalsbita. Þróaðar verða 2 tegundir kjötkrafts. Kindakjötkraftur og Hreindýrakjötkraftur. Hvoru tveggja unnið úr austfirsku hráefni sem fellur til og er ekki nýtt sem skyldi þ.e.a.s. beinin. Við suðu beinanna verður einnig til önnur hliðarafurð, soðin bein, sem eru tilvalin fyrir hunda og mun þeim verða pakkað til sölu sem slíkri vöru.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Breiðdalsbiti ehf.	Endurbætur á reykkofa	Kr. 400.000.-

Reykkofi að Gilsárstekk í Breiðdal verður betrubættur til að standast kröfur Heilbrigðiseftirlits fyrir starfsleyfi svo Breiðdalsbiti geti fengið þar reytar sínar kjötvörur sem eru í þróun og munu verða þróaðar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Breiðdalsbiti ehf.	Ærberjasnakk - markaðssetning	Kr. 300.000.-

Markaðssetning Ærberjasnaks sem er framleitt af Breiðdalsbita. Starfsemin felur í sér auðlindanýtingu í heimabyggð, hráefni af svæðinu verður fullunnið innan svæðis og áhersta er lögð á sérstöðu heimabyggðar (Breiðdals).

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafn Austurlands	Sumarhús Kjarvals - annar áfangi	Kr. 500.000.-

Í Kjarvalshvammi í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðabínghá stendur sumarhús Jóhannesar Kjarval listmálara. Þar dvaldi Kjarval mörg sumur og málaði mörg af sínum frægustu verkum. Minjasafn Austurlands hefur umsjón með húsinu og hefur á undanförunum árum undirbúið og hafið nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir og endurbætur á því til að tryggja varðveislu þess. Á árinu 2018 lauk fyrsta áfanga þeirra framkvæmda og fyrirhugað er að ljúka næsta áfanga á árinu 2019.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafn Austurlands	Handverk og hefðir: Málþing og námskeið	Kr. 500.000.-

Minjasafn Austurlands í samstarfi við Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað og Heimilisíðnaðarfélag Íslands, stendur fyrir málþingi og námskeiðaröð þar sem íslenskar, og ekki síst austfirskar, handverkshefðir og aðferðir verða í brennidepli. Á málþinginu er ætlunin að leiða saman áhugafólk og sérfræðinga á þessu sviði og í kjölfarið verður boðið upp á þrjú til fjögur námskeið þar sem reyndir kennarar verða fengnir til að kenna mismunandi handverksaðferðir frá fyrri tíð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Pála Svanhildur Geirsdóttir	Grafinn þorskur	Kr. 500.000.-

Goðanes verður fyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnslu á þorskafurðum. Fyrsta varan er kryddjurtagrafinn þorskur og verða gerðar tilraunir með nýjar bragðtegundir. Til stendur að varan verði tilbúin á vordögum 2019 og að þá verði hægt að kynna vöruna til veitingahúsa á Austurlandi. Þannig eflist sjálfbærni í fjórðungnum í anda Cit-taslow-hreyfingarinnar sem Djúpavogshreppur er aðili að.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sölumiðstöð Húss Handanna ehf.	Aldrei gleymist Austurland	Kr. 500.000.-

Aldrei gleymist Austurland er vöruþróunarverkefni um að breyta smátt og smátt hugmyndum fólks um hinn hefðbundna minjagrip. Vörunar munu endurspegla raunverulega menningu svæðisins, úr staðbundnum hráefnum og framleiddar eins og kostur er á Austurlandi/Íslandi. Vörulínunni er ætlað að vera nýr valkostur fyrir þá sem hugsa um hvers konar vörur þeir kaupa sem minjagrip. Valkostur fyrir þá sem setja í samhengi hvar, hvernig og úr hverju minjagripurinn er framleiddur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gunnarsstofnun	Afþreying og matarmenning á Upphéraði	Kr. 300.000.-

Verkefnið lýtur að markaðssetningu á ferðaþjónustu á Upphéraði með sérstaka áherslu á afþreyingu og matarmenningu.

Umsækjandi

Gunnarsstofnun

Verkefni

Rithöfundalest um Austurland

Upphæð styrks

Kr. 300.000.-

Rithöfundalestin er samstarfsverkefni aðila á Austurlandi sem standa fyrir upp-lestrum og skólaheimsóknunum í þeim tilgangi að auka áhuga á bókmenntum og kynna ný verk og höfunda.

Umsækjandi

Gunnarsstofnun

Verkefni

Þar liggur hundurinn grafinn - málþing

Upphæð styrks

Kr. 200.000.-

Málþing um menningar- og söguferðaðþjónustu á Austurlandi - stöðuna og tækifærin.



Árið 2000 leit listahátíð LungA dagsins ljós í fyrsta sinn. Hátíðin er frábær blanda af listum, sköpun, tjáningu og stórbrotinni náttúru. Hún hefur getið sér gott orðspor, bæði á Ísland og út fyrir landsteinana.



SKARFUR er frumsaminn einleikur um eittraðar staðalímyndir kynjanna og hvernig þær springa út í hugmyndum ungs fjárfestis í tilvistarkreppu eftir leikarann og handritshöfundinn Kolbein Arnbjörnsson í uppfærslu sviðslistahópsins Lið fyrir lið.



Sumarið 2019 verður uppsetning á Óperunni Raven's kiss eftir Evan Fein og Þorvald Davíð Kristjánsson í leikstjórn þess síðarnefnda.

